

AUGLÝSING

um fjárhæð persónuafsláttar árið 2008.

Samkvæmt A-lið 67. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal persónuafsláttur í upphafi hvers árs taka breytingu í réttu hlutfalli við mismun á vísitölu neysluverðs við upphaf og lok næstliðins tólf mánaða tímabils. Skal fjármálaráðherra með auglýsingu fyrir upphaf staðgreiðsluárs birta fjárhæð persónuafsláttar.

Mæling Hagstofu Íslands á vísitölu neysluverðs fyrir desembermánuð 2007 reyndist vera 281,8 stig samanborið við 266,2 stig í desember 2006. Hækkun milli ára nemur samkvæmt því 5,86%. Það þýðir að á árinu 2008 verður persónuafsláttur hvers einstaklings 408.409 krónur, eða 34.034 krónur að meðaltali á mánuði.

Fjármálaráðuneytinu, 20. desember 2007.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.